

13. gr.

Óheimilt er að breyta nafni skips, sem aðild á að Stofnfjár sjóði, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri, nema að fengnu skriflegu leyfi stjórnar Fiskveiðasjóðs.

14. gr.

Ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, skal að fenginni umsögn stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvæðum þeirra um aflaverðmæti beitt frá 1. janúar 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. janúar 1968, skal heimilt að draga frá leigufjárhæð það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. 4. og 5. gr.

Eigendur fiskiskipa, er stunduðu síldveiðar á tímabilinu 1. janúar til 29. febrúar 1968, skulu eiga rétt til þátttöku í Stofnfjár sjóði í hlutfalli við aflaverðmæti skipsins á þessu tímabili í samræmi við ákvæði 5. gr. þessara laga. Til þess að standa undir kostnaði af þessari þátttöku greiðist Stofnfjár sjóði ein millj. kr. af stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, samkvæmt d-lið 2. gr. laga um ráðstöfun á gengishagnaði á útfluttum sjávarafurðum o. fl., nr. 79 29. desember 1967. Um skiptingu þessarar fjárhæðar á milli fiskiskipa, er þátt tóku í síldveiðum á nefndu tímabili, og um ráðstöfun innstæðna, skulu gilda sömu reglur og ákveðnar eru í þessum lögum um Stofnfjár sjóð almennt, eftir því sem við á.

Gjört að Bessastöðum, 1. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.

Hafi gjaldandi með höndum fjölpættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnu-

greina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

2. gr.

15. gr. d. orðist svo:

Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör álögð samkvæmt 34. gr. Þó er heimilt að greiða aukaframlag til sveitarfélags, þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað eða tekjur gjaldenda rýrnað, ef útsvör í sveitarfélaginu eru a. m. k. 15% yfir meðalútsvarsstiga á öllu landinu árið á undan. Meðalútsvarsstigi hvers árs er summan af margfeldi hundraðstölu útsvarsstigans og íbúafjöldans í hverju sveitarfélagi deild með íbúatölu landsmanna 1. desember næsta ár á undan.

3. gr.

Síðasta málsgrein 31. gr. orðist svo:

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, er sveitarstjórn heimilt að láta reglu þessa gilda því aðeins, að jafnframt hafi verið gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí álagningarárið. Hafi gjaldandi eigi greitt þá upphæð hinn 31. júlí, en gerir síðan full skil á öllu útsvarinu fyrir áramót, skal helmingur útsvarsins dreginn frá hreinum tekjum. Sé innheimta gjalda til ríkis og sveitarfélaga sameiginleg samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 27. apríl 1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, er það enn fremur skilyrði, að öll gjaldfallin opinber gjöld, sem hin sameiginlega innheimta tekur til, séu að fullu greidd fyrir ofangreind tímamörk. Neyti sveitarstjórn heimildar samkvæmt 2. málslíð þessarar málsgr., skal hún gera um það sérstaka samþykkt fyrir 15. jan. ár hvert og auglýsa hana á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

4. gr.

B-liður 32. gr. orðist svo:

Af hreinum eignum skal greiða eignauðsvar, lagt á eftir sömu reglum og gilda um álagningu eignarskatts, samkvæmt 26. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965.

5. gr.

e-liður ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Á árunum 1968 og 1969 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D og 17. gr. 2. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara og aðstöðugjalda og greiðslu aukaframlaga á árinu 1968. Þó skulu ákvæði 3. gr. um frádrátt á greiddu útsvari, að því er tekur til fyrirframgreiðslu, eigi koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1969. Jafnframt fellur úr gildi 2. málslíður 1. mgr. 31. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 67 21. maí 1965, um breyting á þeim lögum, sjá 2. málslíð 2. gr. þeirra laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því er varðar álagningu útsvara árið 1969 er nægilegt, að sveitarstjórnir hafi tekið um það ákvörðun fyrir 15. maí 1968, hvort þær muni neyta heimildar skv. 2. ml. 3. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.